

Numens SND-500-S

Þráðlaust samtengjanlegir reykskynjarar.

- a) Áður en skynjarar eru festir upp skal fylgja eftirfarandi ferli.
- b) Prufuhnappi haldið inni í 10sek. **áður en** rafhlöður eru settar í
- c) Rafhlöður settar í alla skynjara sem tengja á saman
- d) Ýtt á prufuhnapp á einum skynjara þar til hinir gefa frá sér hljóðmerki (10-20sek).

Eftir að prufutakkanum er sleppt á skynjaranum hættir hann strax að gefa frá sér hljóðmerki og hinir hætta fljótlega á eftir.

Ekkert vandamál er að bæta við skynjara eftir á. Ekki þarf annað en ýta á prufuhnapp í 10sek áður en rafhlaða er sett í hann og prófa hann svo í grennd við eldri skynjara með aðferðinni sem lýst er undir lið d)

Framleiðandi setur engar takmarkanir á fjölda samtengdra skynjara aðrar en að þeir séu innan 250m radíuss. Bárujárnsklæddir veggir og járnbundnir steinsteypuveggir geta haft áhrif á drægni skynjara.